



ORKUSTOFNUN  
Jarðhitadeild

**UPPHITUN MEÐ VARMADÆLU  
AÐ EGILSÁ, AKRAHREPPI,  
SKAGAFIRÐI**

María Jóna Gunnarsdóttir  
Hrefna Kristmannsdóttir

OS-83101/JHD-38 B      Nóvember 1983



**ORKUSTOFNUN**  
GRENSÁSVEGI 9, 108 REYKJAVÍK

**UPPHITUN MEÐ VARMADÆLU  
AÐ EGILSÁ, AKRAHREPPI,  
SKAGAFIRÐI**

Maria Jóna Gunnarsdóttir  
Hrefna Kristmannsdóttir

OS-83101/JHD-38 B      Nóvember 1983

### Inngangur

Að beiðni Guðmundar L. Friðfinnssonar bónda að Egilsá í Akrahreppi, Skagafirði er hér gerð frumáætlun um kostnað við notkun varmadælu til upphitunar húsa að Egilsá. Varmadælan á að nota volgt jarðhitavatn sem varmagjafa. Reiknaðir voru tveir möguleikar á vatnsöflun, annarsvegar frá jarðhitastað um 500 m NV við bæinn og hinsvegar frá jarðhitastað 300 m sunnan bæjarins upp í fjallinu. Fundið er orkuverð frá varmadælu þ.e. kaup á varmadælu, virkjun jarðhitans og allur annar tilkostnaður. Orkuverðið er síðan borið saman við aðra hitunarkosti.

Að Egilsá var um árabil rekið barnaheimili á sumrin. Íbúðarhús er því nokkuð stórt, um 1600 m<sup>3</sup>, og er það bæði rafkynt og oliukynt. Nú nýverið hefur Menntamálaráðuneytið tekið húsið á leigu og rekur þar heimili fyrir fötluð börn.

### Jarðhiti - virkjun

Í landi Egilsár eru volgrur á nokkrum stöðum, og er þeim lýst nánar í meðfylgjandi greinargerð (sjá viðauka bls. 6). En í þessari kostnaðaráætlun er gert ráð fyrir að nota jarðhita frá tveimur stöðum, og því reiknaðir tveir möguleikar.

I Frá volgru 500 m NV af bænum. Bærinn stendur 30 m hærra en volgran og því þarf að dæla vatninu. Vatnið er 26°C heitt og rennsli er nú 0,15 l/s. Grafa þarf í volgruna til að reyna að auka rennslið, en vatnsþörf fyrir varmadælu er a.m.k. 1,5 l/s. Leggja þarf rafmagnsstreng að jarðhitana vegna dælu. Gert er ráð fyrir að leiða vatn í venjulegu plaströri 63 mm (2") og að það verði 20°C komið að bænum.

II Frá volgru upp í fjallinu 300 m sunnan bæjar. Hún er um 90 m hærra en bærinn, þannig að vatnið yrði sjálfrenndi. Vatnið kemur undan hliðinni á um 4 m kafla og er um 11°C heitt og rennsli áætlast um 2 l/s sem er nóg fyrir varmadælu. Grafa þarf í volgruna og safna vatninu saman í þró og loka yfir. Hér er gert ráð fyrir að leiða vatnið í 40 mm (1 1/4") plaströri með þrýstibol 10 kg/cm<sup>2</sup>, og að vatnið verði 10°C komið í bænn.


### Afl- og orkubörf

Rúmmál íbúðarhúss að Egilsá er, eins og áður sagði, 1600 m<sup>3</sup> og ef reiknað er með að aflbörf til hitunar sé 24 W/m<sup>3</sup> þarf varmadælu sem afkastar 38 kW. Nýtingartími varmadælu er áætlaður 4000 stundir. Árleg orkubörf til hitunar er með þessum forsendum 152000 kWh.

### Varmadæla

Varmadæla vinnur að mestu eins og kælivél, þ.e. með kælivökva (varmabera) sem tekur varma úr umhverfinu (Q<sub>e</sub>) gufar við það upp og flytur varmann þangað sem kælivökvinn þéttist og gefur frá sér varma (Q<sub>c</sub>), sjá mynd 1. Uppgufunin verður við lágt hitastig (T<sub>e</sub>), síðan er kælivökvanum "dælt" af varmadælunni upp á herra hitastig (T<sub>c</sub>) með þjöppu en til þess þarf orku t.d. í formi rafmagns. Við það að þéttast gefur kælivökvinn síðan af sér varma með herra hitastigi (T<sub>c</sub>). Sá þéttivarmi eru afköst varmadælu.

Nýtingarstuðull varmadælu er hlutfallið á milli þeirrar orku sem hún gefur af sér (Q<sub>c</sub>) og þeirrar orku sem þarf til að knýja þjöppuna (W). Nýtingarstuðullinn er því hærri sem hitamismunur á köldu (T<sub>e</sub>) og heitu (T<sub>c</sub>) hliðinni er minni.



Varmadælunni að Egilsá er ætlað að nýta varma, sem fæst við kælingu á 20 °C heitu vatni annarsvegar og 10°C hinsvegar niður um 5°C. Varmann frá dælunni á að nota til að hita "retur" vatn frá ofnakerfi upp í 55 °C. Miðað er við að varmaberinn í varmadælukerfinu, sem er lokað hringrás, sé Freon 12.

### Verð á varmadælu

Gert er ráð fyrir tveimur stærðum af varmadælu stærð I og II. Þar sem nýtni varmadælu er meiri við minni hitamismun vatns úr volgru og á ofnakerfi þarf stærri varmadælu við kost II en kost I. Reiknað er með að minni varmadælan kosti 14500 DM og sú stærri 16000 DM (fob). Miðað við skráningu á þýska markinu 23. nóvember 1983 kr. 10,45. Verð á varmadælum, með flutningi og gjöldum skv. tollflokk 8417 (29) verður því 200 þús. kr. og 220 þús. kr.

### Aðrar kostnaðarforsendur

Gert er ráð fyrir að raforka á varmadælu sé keypt á niðurgreiddum marktaxta og uppsett afl vegna hennar verði 14 kW. Raforkuverð til varmadælunnar verður þá 1,27 kr/kWh.

Í samanburði hér á eftir er orkuverð varmadælu borið saman við olíuhitun og rafhitun á marktaxta. Orkuverð olíu, 1,38 kr/kWh, miðast við 65% nýtni í kynditæki og verð á gasolíu 8,80 kr/l. Raforkuverð til hitunar, 1,18 kr/kWh, miðast við niðurgreiddan marktaxta A5 hjá Rafmagnsveitum ríkisins og orkunotkun 152000 kWh, fastagjald er miðað við að keypt séu 30 kW vegna hitunar. Að Egilsá er nú blönduð hitun með rafmagni og olíu, og eru keypt 18 kW á marktaxta.

Fjármagnskostnaður miðast við 15 ára endingartíma varmadælu og annara hluta kerfisins og 4% reiknivöxtum.

Verðlag miðast við byggingarvísitölu 2213 stig sem gildir í sept. - des. 1983.

### Kostur I

#### Stofnkostnaður

Virkjun með raflögn, dælu, brunni, plastleiðslu ofl.	240	þús kr.
Varmadæla	200	" "
Vinna v/uppsetningu og fittings	100	" "
	540	þús kr.
Ýmislegt og ófyrirséð 20%	108	" "
	648	þús kr.

#### Rekstrarkostnaður

Fjármagnskostnaður 9%	58	þús kr.
Viðhald 2%	13	" "
Rafmagn á varmadælu	67	" "
Rafmagn á jarðvatnsdælu (2 KW)	20	" "
	158	þús kr.

Orkuverð frá varmadælu við kost I er

$$\frac{158 \text{ þús kr.}}{152 \times 10^3 \text{ kWh}} = \underline{\underline{1,04 \text{ kr/kWh}}}$$

### Kostur II

#### Stofnkostnaður

Virkjun með brunni, plastleiðslu ofl.	100	þús kr.
Varmadæla	220	" "
Vinna v/ uppsetningar og fittings	100	" "
	420	þús kr.
Ýmislegt og ófyrirséð 20%	84	" "
	504	þús kr.

### Rekstrarkostnaður

Fjármagnskostnaður 9%	45 þús kr.
Viðhald 2%	10 " "
Rafmagn á varmadælu A5	80 " "
	<u>135 þús kr.</u>

Orkuverð frá varmadælu við kost II er

$$\frac{135 \text{ þús kr.}}{154 \times 10^3 \text{ kWh}} = \underline{\underline{0,89 \text{ kr/kWh}}}$$

### Samanburður á orkuverði

Hitunaraðferð	Orkuverð kr/kWh	Hlutfall af olíuverði %
Olía óniðurgreidd	1,38	100
Rafhitum marktaxta A5	1,18	86
Varmadæla Kostur I	1,04	75
Varmadæla Kostur II	0,89	64

### Niðurstöður

Samkvæmt þessum útreikningum er hagkvæmt að hita íbúðarhúsið að Egilsá með varmadælu og virðist kostur II vera álitlegri, en hann byggist á því að leiða vatn úr volgrunni ofan við bæinn. Þar munar mestu að vatnið er sjálfrennandi, en við kost I þarf að dæla vatninu heim að bænum. Á móti kemur að vatn úr volgru I er mun heitara og varmadæla því með hærri nýtnistuðul.

Orkuverð frá varmadælu við kost II yrði um 64% af því sem það kostar að hita með olíu þegar ekki er tekið tillit til oliustyrkja en 75% af rafhitun. Orkuverð frá varmadælu við kost I yrði með gefnum forsendum 75% af óniðurgreiddri olíu og 88% af rafhitun. Það er því ljóst að hagkvæmara er að nýta jarðhitann ofan við bæinn fyrir varmadælu.

Viðauki

**GREINARGERÐ UM JARÐHITAATHUGUN Á EGILSÁ, AKRAHREPPI,  
SKAGAFIRÐI**

Volgt vatn kemur upp á allmögum stöðum í landi Egilsár. Helstu jarðhitastöðunum er lýst í þessari greinargerð og bent er á þá valkosti sem komið gætu til greina til að nýta jarðhitann.

**Lýsing jarðhita:**

- 1) Í melhóli um 500 m NV af bænum eru volgrur, sem liggja um 30 m lægra í landinu. Tvær vatnsmestu volgrurnar eru um 50 m NV af girðingu umhverfis skógarlund. Hitastig í þeiri syðri er  $26^{\circ}\text{C}$  og rennsli um 0,15 l/s. Um 5 m austan við og 4 m hærra er volgra með um 0,1 l/s rennsli og er hitastig  $18,4^{\circ}\text{C}$ .
- 2) Um 30 m NV við melhólinn og 10 m lægra í landinu en bærinn, en 20 m hærra en hinar volgrurnar eru a.m.k. þrjár volgrur og er hitastig í þeim  $9-17^{\circ}\text{C}$ . Rennsli í þeiri stærstu er um 0,1 l/s og eru útfellingar mjög áberandi.
- 3) Um 250 m SA við bæinn og 20 m ofar í landinu er  $11^{\circ}\text{C}$  heit volgra með rennsli um eða innan við 0,1 l/s. Heldur kaldari og vatnsminni volgrur eru SA við og ofar í landinu. Vatnshiti í vatnsbóli bæjarins er  $7^{\circ}\text{C}$ . Það er á nær sömu línu og volgrurnar, en nær bænum.
- 4) Um 300 m S af og 90 m hærra en bærinn eru talsvert vatnsmiklar volgrur. Hitastig mældist hæst  $11,3^{\circ}\text{C}$  og rennsli er áætlað um 2 l/s. Talsvert ber á útfellingum neðan við volgrurnar.

Nokkrar gamlar efnagreiningar voru til af laugarvatni frá Egilsá. Þar sem niðurstöðum þeirra bar ekki vel saman voru tekin vatnssýni úr  $26^{\circ}\text{C}$  heitu lauginni á jarðhitastað 1 og einnig var tekið úr jarðhitastað 4 í lýsingu hér að framan.

Endurtekin efnagreining sýna úr  $26^{\circ}\text{C}$  heitu lauginni (1) á Egilsá staðfestir að upprunahitastig vatnsins er ekki hærra en um  $50^{\circ}\text{C}$ . Upprunahitastig vatns úr  $11,3^{\circ}\text{C}$  heitu volgrunni

(4) er enn lægra, en það vatn hefur greinilega blandast yfirborðsvatni. Borun kæmi tæplega til greina eftir ekki heitara vatni. Aður en hægt væri að staðsetja borholu þyrfti líka að gera allumfangsmiklar og dýrar jarðeðlisfræðilegar mælingar og rannsaka jarðfræði svæðisins betur. Hins vegar mætti nú þegar reyna að grafa niður á fast berg í volgrunni með gröfu og loftpressu með fleygum og athuga hvort ekki fengist heitara vatn og/eða meira rennsli. Rennslið þarf að auka einnig ef reynt yrði að nýta vatn úr volgrunni með varmadælu.

Nýting á volgu vatni með varmadælu virðist geta reynst hagkvæmur kostur til upphitunar á Egilsá. Þar virðist vera um a.m.k. þrjá kosti að velja:

- 1) Að nýta vatn úr heitustu volgrunni (1 í lýsingunni hér að framan), sem þá þarf að dæla um 500 m veg og lyfta um 30 m. Auka þarf rennsli úr volgrunni til að þessi kostur komi til greina.
- 2) Að nýta vatn úr  $11,3^{\circ}\text{C}$  heitu volgrunni (4 í lýsingu). Vatnslögn yrði 300 m löng en sjálfrennsli fengist í bæinn og vatnsmagn er meira en nægilegt.
- 3) Að nýta vatn úr volgrunum SA við bæinn (3 í lýsingu). Vatnsleiðsla yrði styttri en í fyrri kosti og sjálfrennsli í bæinn, en vatnsmagnið heldur lítið. Til að þessi kostur verði raunhæfur, þyrfti að auka rennslið, t.d. með því að grafa í volgruna. Gera þarf hagkvæmnireikninga á þessum kostum og bera þá saman.

Jarðhitadeild Orkustofnunar mun nú á næstu mánuðum gera frumáætlun um hagkvæmni þessara kosta og verður þá hægt að leggja fram ákveðnar tillögur um nýtingu eða áframhaldandi rannsóknir.